

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Veggjöld munu leiða til hærra vöruverðs á landsbyggðinni þar sem flutningsgjöld munu hækka við þessa auknu skattlagningu sem óneitanlega fer beint inn í vöruverð. Hér er um hreinan landsbyggðar skatt að ræða. Og á sama tíma og skattar og gjöld sem nú þegar eru innheimt af bifreiðareigendum eru ekki að skila sér til uppbyggingar vega og umferðaöryggis. Einnig hafa þau landsvæði sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu átt undir högg að sækja hvað varðar ferðaþjónustu og hefur undirritaður áhyggjur af því að þessi skattlagning muni draga enn frekar úr ferðamannastraum á þessi landsvæði og nefni ég austurland sérstaklega í því samhengi.

Undirritað: Þróstur Sigurðsson